

Miðvikudaginn 3. janúar 1996.

Nr. 23/1995.

**Vinnuveitendasamband Íslands**

(Jón H. Magnússon hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f.h.**

**Verkamannasambands Íslands**

**vegna Verkamannafélagsins Hlífar**

(Óskar Thorarensen hdl.)

Uppsögn kjarasamnings. Launanevnd. Gagnkrafa. Dómsvald Félagsdóms.

### **Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Málið, sem dómtekið var 21. desember sl., var þingfest 12. desember sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholtí 50c, Reykjavík, vegna Verkamannafélagsins Hlífar, kt. 620169-3319, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Verkamannafélagsins Hlífar á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 við Vinnuveitendasamband Íslands sé ólögmat og gildislaus.

Að stefnandi verði sýknaður af gagnkröfu stefnda.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Gagnkrafa stefnda: Að niðurstaða meirihluta launanevndar ASÍ og vinnuveitenda 30.11.1995 verði dæmd ógild.

Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins, að viðbættum virðisaukaskatti og leggist dráttarvextir við málskostnað á 12 mánaða fresti.

*Málavextir.*

Hinn 21. febrúar 1995 var gerður kjarasamningur milli Vinnuveitendasambands Íslands vegna aðildarféлага þess og einstakra meðlima og Vinnumálasambandsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands vegna aðildarféлага þess hins vegar. Kjarasamningur þessi var af hálfu stefnda undirritaður sérstaklega. Samkvæmt 1. gr. samningsins skyldu allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum fólust.

Í kjarasamningnum voru ákvæði um forsendur samninga og endurskoðun þeirra, er voru samhljóða ákvæðum í kjarasamningum annarra landssambanda innan ASÍ, gerðum á sama tíma. Þessi ákvæði kjarasamningsins eru svohljóðandi:

„16. gr. – Forsenda samnings þessa er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgir samningi þessum. Þá er jafnframt á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Aðilar eru ennfremur sammála um mikilvægi þess að auka framleiðni og verðmætasköpun í atvinnulífinu til þess að standa undir raunverulegum og varanlegum kjarabótum. Þeir munu því beita áhrifum sínum til þess að efla rannsóknir, þróunar- og markaðsstarf, svo og samstarf hagsmunaaðila sem stuðli að þessu markmiði.

17. gr. – Á samningstímabilinu skal starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar og skal hún á samningstímanum fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Nefndin og samtökin sem að henni standa munu beita sér fyrir umfjöllun og aðgerðum til þess að auka framleiðni í atvinnulífinu í samræmi við markmið samningsins. Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar samningsins skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995.“

Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, sem gerðir voru í framhaldi af þeim kjarasamningum, sem gerðir voru 21. febrúar 1995, voru efnislega sömu ákvæði um efnahagslegar forsendur og

launanefnd, þ.e. samsvarandi ákvæði og eru í 16. og 17. gr. fyrrgreinds kjarasamnings.

Með bréfi, dags. 29. nóvember 1995, tilkynnti stefndi stefnanda að fundur í stjórn og trúnaðarmannaráði stefnda, sem haldinn var þann sama dag, hefði samþykkt svohljóðandi tillögu: „Fundur í stjórn og trúnaðarmannaráði Verkamannafélagsins Hlífar, haldinn miðvikudaginn 29. nóvember 1995, telur forsendur fyrir gildandi kjarasamningum félagsins við samtök vinnuveitenda brostnar og segir þeim upp þannig að þeir renni úr gildi 31. desember 1995.“

Með bréfi, dags. 30. nóvember 1995, mótmælti stefnandi uppsögninni sem ólögmætri þar sem hún væri í andstöðu við gildandi samninga. Skoraði stefnandi á stefnda að draga uppsögnina til baka. Vísaði stefnandi til þess að á fundi launanefndar landssambanda ASÍ og vinnuveitenda, sem haldinn hefði verið þann sama dag, hefði verið staðfest að forsendur gildandi samninga hefðu haldið og því væri ekki grundvöllur til uppsagnar samninga.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi höfðar mál þetta á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Hann byggir kröfugerð sína á því að uppsögn stefnda, Verkamannafélagsins Hlífar, á kjarasamningnum frá 21. febrúar 1995 sé ekki í samræmi við 16. og 17. gr. samningsins og sé því ólögmæt.

Kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og aðildarfélaga þess hafi verið ætlað að gilda til 31. desember 1996 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Settur hafi verið öryggisventill í samninginn ef marktæk frávik yrðu á forsendum hans sem tilgreindar væru með tæmandi hætti. Venja sé fyrir því að tekið sé fram með skýrum hætti í kjarasamningum hvaða aðstæður geti leitt til uppsagnar eða breytinga á samningnum, enda sé það nauðsynlegt, sbr. og ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938. Gildistími kjarasamninga þurfi að vera ljós og hvort og þá með hvaða skilyrðum þeim verði sagt upp.

Sérstakri nefnd, launanefnd ASÍ og vinnuveitenda, hafi með kjarasamningi Verkamannasambands Íslands við vinnuveitendur frá 21. febrúar 1995 verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi gera tillögur til samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda með það að markmiði að samningsforsendur héldu svo að ekki þyrfti að koma til uppsagnar

samninga. Fyrst eftir að launanefndin hafi komist að niðurstöðu væri tilefni til ákvörðunar um uppsagnir samninga sem einungis yrðu teknar á vettvangi launanefndar ef samningsforsendur væru taldar brostnar.

Í bréfi stefnda frá 29. nóvember 1995 eða daginn áður en launanefnd hafi komist að niðurstöðu hafi því verið haldið fram að forsendur samninga væru brostnar. Í 16. gr. kjarasamnings Verkamannasambandsins frá 21. febrúar 1995 séu forsendur kjarasamninga tæmandi taldar. Annars vegar sé vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í 17 liðum og hins vegar á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild yrði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu yrði tryggður.

Með samþykkt kjarasamnings Verkamannasambandsins frá 21. febrúar 1995 hafi stefndi veitt launanefnd landssambanda ASÍ og vinnuveitenda umbod til að fylgjast með framvindu mála og meta það hvort frávík hafi orðið frá samningsforsendum samkvæmt 16. gr. og hvort segja ætti upp samningum, en samkvæmt niðurlagi 17. gr. væri ekki heimilt að segja kjarasamningum lausum nema marktæk frávík hefðu orðið á samningsforsendum samkvæmt 16. gr. Stefnandi telur að það hafi eingöngu verið á valdi launanefndar að meta hvort samningsforsendur hafi staðist og segja upp samningum ef þær forsendur teldust brostnar að mati nefndarinnar. Styður stefnandi þennan skilning á hlutverki launanefndar einkum við sameiginlegan skilning samningsaðila strax í kjölfar kjarasamninganna og að uppsagnarákvæðið sé í þeirri grein sem fjallar um launanefnd.

Launanefndin, sem starfað hafi í samræmi við 17. gr. kjarasamnings Verkamannasambandsins, hafi þann 30. nóvember komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru marktæk frávík frá forsendum kjarasamninganna og því væri ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.

Stefndi hafi með símbréfi 7. desember 1995 hafnað áskorun stefnanda um að draga uppsögn kjarasamninga til baka með vísan til forsendna sem launanefnd einni hafi verið falið að meta svo og til atvika sem ekki geti talist hluti af forsendum kjarasamninga, sbr. 16. gr. Í því sambandi hefur komið fram af hálfu stefnanda að launajöfnun hafi ekki verið á meðal forsendna kjarasamninganna. Stefnandi mótmælir því að kjarasamningarnir hafi byggst á óskráðum

forsendum. Til þess að um brostnar forsendur geti verið að ræða þurfi forsendubresturinn að hafa verið verulegur og forsendan hafa verið ákvörðunarástæða, enda sé meginreglan sú að samningar skuli standa.

Ótvírætt sé að forsendur kjarasamninga hafi staðist, réttur aðili, þ.e. launanevnd, hafi lagt mat á samningsforsendur, uppsagnarheimildin sé aðeins hjá hvorum hluta launanevndar og því sé uppsögn stefnda á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 ólögmat.

Að því er varðar gagnkröfu stefnda þá heldur stefnandi því fram að það sé andstætt ákvæðum 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að beina þeirri kröfu að stefnanda einum.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Stefndi byggir á því að uppsögn hans á kjarasamningnum hafi verið fullkomlega lögmat. Að formi til hafi ákvörðun um uppsögn verið tekin og afgreidd á löglegan hátt eins og lög stéttarfélagsins gera ráð fyrir. Þá hafi uppsögnin fullnægt skilyrðum 17. gr. kjarasamningsins um uppsagnarfrest. Stefnandi hafi sjálfur tekið við uppsagnarbréfinu og kvittað á það að morgni 30. nóvember 1995.

Stefndi byggir á því að hann einn geti sagt upp samningum af hálfu Verkamannafélagsins Hlífar. Kjarasamningurinn sé samningur Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins við hvert einstakt verkafélag. Samningsréttur, þ.m.t. uppsagnarheimild, sé grundvallarréttindi stéttarfélags og hvert stéttarfélag sé sjálfstæður samningsaðili, sbr. 3. og 5. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt 6. gr. laga þessara skuli allir samningar milli stéttarféлага og atvinnurekenda um kaup og kjör verkafólks vera skriflegir og samningstími og uppsagnarfrestur þar tilgreindur. Þessi skilyrði uppfylli kjarasamningarnir frá febrúar 1995. Í 6. gr. laga nr. 80/1938 sé ekki gert ráð fyrir því að uppsagnarheimild geti verið í höndum annarra en fulltrúa atvinnurekenda og stéttarfélags. Þeim fullyrðingum stefnanda sé algerlega mótmælt að launanevnd hafi haft uppsagnarheimild eða að uppsögn hafi fyrst verið möguleg þegar yfirlýsing launanevndar hafi legið fyrir. Ekkert umboð hafi legið fyrir frá stefnda til launanevndar um mat á forsendum kjarasamninga og hvergi sé unnt að finna því stoð í kjarasamningi að launanevndin hafi haft uppsagnarheimild.

Af hálfu stefnda er talið að honum hafi verið heimilt að segja samningunum upp þar sem skilyrði 16. gr. kjarasamningsins um

yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 20. febrúar 1995 hafi brugðist. Þessu til stuðnings vísar stefndi meðal annars til skýrslu ASÍ, úttektar hagdeildar ASÍ frá 15. nóvember 1995 og niðurstöðu launanefndar frá 30. nóvember sl. .

Þá er á því byggt af hálfu stefnda að það hafi verið grundvallarforsenda kjarasamninganna að lægstu laun hækkuðu sérstaklega umfram önnur laun í landinu. Telur stefndi að þessi forsenda sé verulega brostin. Um þessa forsendu vísar stefndi til yfirlýsinga stjórnmalamanna, þ.m.t. yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 10. desember 1994, yfirlýsinga forystumanna launþega og atvinnurekenda fyrir samningsgerðina, samantekta ASÍ/VSÍ, krónutöluleiðar þeirrar, er fram komi í samningunum, yfirlýsinga meiri- og minnihluta launanefndar, ályktana ASÍ, niðurstöðu Kjaradóms og fleiri gagna. Byggir stefndi á því að marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum. Telur stefndi að forsendan um að lægstu laun skyldu hækka mest hlutfallslega með þeirri krónutöluleið, sem hafi verið farin, hafi verið slík grundvallarforsenda að samningsaðilar hafi álit- ið óþarft að geta hennar sérstaklega í 16. gr. kjarasamningsins. Stefndi telur að réttarreglur um brostnar forsendur geti átt við jafnt um kjarasamninga sem aðra samninga. Að álitum hans hafi hér verið um verulegan forsendubrest að ræða.

Stefndi tekur fram, að það tímamark sem uppsögn hafi miðast við hafi verið 29. nóvember 1995. Samkvæmt ákvæðum 17. gr. kjarasamningsins hafi orðið að segja samningum upp með minnst mánaðar fyrirvara og tæki uppsögn þá gildi 31. desember 1995. Kveður stefndi það staðfasta skoðun sína, með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir hafi legið 29. nóvember sl., að forsendur kjarasamninga væru brostnar þegar hann hefði sagt þeim upp. Formlegur aðdragandi uppsagnar væri tímafrekur og nauðsynlegt hefði verið að segja samningum upp á umræddu tímamarki þar sem uppsögn eftir lokun skrifstofutíma hjá VSÍ væri ólögmat.

Í 17. gr. kjarasamningsins væri mælt fyrir um launanefnd, skipaða þremur fulltrúum frá ASÍ og þremur frá VSÍ. Samkvæmt ársskýrslu ASÍ hefði VSÍ dregið að skipa í nefndina þar til í byrjun október 1995. Launanefnd hefði eingöngu það hlutverk samkvæmt rétttri orðskýringu á 17. gr. kjarasamningsins að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefðust á hverju-

um tíma. Það hafi verið skilningur stefnda við undirritun samningsins að launanefndin hefði ekki annað hlutverk en hér hefur verið getið. Að mati stefnda væri alrangt sem stefnandi héldi fram að nefndin hefði haft það á valdi sínu hvort samningum yrði sagt upp. Þá hefði nefndin heldur ekki haft umboð til að meta samningsforsendur. Fyrir þessu sjónarmiði færir stefndi ýmis rök. Hvert félag hafi samningsrétt samkvæmt 3. og 5. gr. laga nr. 80/1938. Af því leiði að félagið hafi eitt uppsagnarheimild. Launanefndin hafi ekkert umboð til uppsagnar eða úrskurðar eða til mats á samningsforsendum. Skýrt umboð eða skýr og ótvíræður texti í kjarasamningi, sem borinn hafi verið undir atkvæði félagsmanna stéttarfélags til samþykktar, sé skilyrði þess að slík nefnd geti haft það vald sem lýst sé í stefnu. Ákvæði um launanefndina hafi verið stytta og þeim breytt verulega frá eldri kjarasamningum. Ef samningsaðilar hefðu viljað láta launanefndina hafa uppsagnarheimild eða umboð til að meta samningsforsendur hefði það þurft að koma skýrt fram. Það yrði ekki lesið út úr samningnum. Þvert á móti væri það óvenjulegt og óeðlilegt að slík nefnd hefði svo mikið vald. Fulltrúar samningsaðila í nefndinni væru þrír, þar af væru tveir frá ASÍ sem ekki væri hluti af samningnum. Spyrja mætti hví Verkamannasambandið hefði gert sérstakan samning ef það hefði ætlað að láta frá sér umboð til nefndarinnar um mat á forsendum samninganna og uppsagnarheimild, sem það hefði ótvírætt sjálft, í hendur nefndar sem væri að 5/6 hlutum skipuð mönnum sem ekki væru meðlimir í samtökum þess. Þá bendir stefndi á að Björn Grétar Sveinsson hafi ekki tekið þátt í niðurstöðu launanefndar og skilað séráliti. Stefndi áréttar að Verkamannafélagið Hlíf hafi aldrei samþykkt að launanefndin gæti metið samningsforsendur kjarasamninga eða samþykkt uppsagnarheimild launanefndar. Á milli stefnda annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins hins vegar sé sérstakur kjarasamningur. Í því sérstaka tilviki þurfi því að kanna hver hafi verið vilji samningsaðila.

Samkvæmt kjarasamningnum hafi orðið að segja honum upp í síðasta lagi þannig að uppsögn kæmi til framkvæmda 31. desember 1995. Þetta þýddi að síðasti möguleiki til að segja samningnum lausum hefði verið 30. nóvember 1995. Uppsögnin hefði þurft að vera skrifleg og hafa borist VSÍ/Vinnumálasambandi fyrir lokun skrifstofa þann dag. Í félagi á borð við stefnda verði kjarasamningi ekki

sagt upp nema að undangengnum félagsfundi þar sem lagt væri undir atkvæði félagsmanna hvort segja ætti samningnum upp eða ekki. Það hefði sinn aðdraganda og launanefndin hefði ekki sent stefnda álit sitt.

Stefndi tekur fram að ef dómurinn telji að stefndi hafi ekki getað metið sjálfstætt hvort forsendur uppsagnar hafi verið fyrir hendi án atbeina launanefndar, þá beri að líta til þess að launanefndin hafi verið svo sein að sínum störfum að hún hafi fallið á tíma. Nefndin hafi ekki hirt um að senda stefnda álit sitt. Stefndi kveðst hafa verið þess fullviss að veruleg frávik hefðu orðið frá forsendum kjarasamnings og hann hefði ekki getað sagt kjarasamningnum upp síðar.

Stefndi heldur því fram að svo miklir ágallar hafi verið á störfum launanefndar bæði að formi til og efni að störf hennar fullnægi engan veginn þeim kröfum sem gera verði til slíkrar nefndar. Þetta valdi því að niðurstaða hennar sé ógild og marklaus. Í þessu sambandi bendir stefndi á nokkur atriði. Nefndin skyldi skipuð þremur fulltrúum frá ASÍ og þremur fulltrúum frá vinnuveitendum. Yfirlýsing nefndarinnar sé hins vegar undirrituð af tveimur fulltrúum frá ASÍ en fimm fulltrúum vinnuveitenda. Bendi þetta til þess að jafnræðis hafi ekki verið gætt í störfum nefndarinnar. Með hliðsjón af séráliti formanns Verkamannasambandsins bendir stefndi á að lykilmenn í samninganefnd VSÍ/Vinumálasambandsins undirriti yfirlýsingu launanefndar, en minnihluti nefndarinnar sé skipaður fulltrúum ASÍ sem ekki hafi átt beina aðild að kjarasamningum. Stefndi heldur því fram að launanefndin hafi aldrei lokið störfum sínum. Yfirlýsing hennar hafi aldrei verið send beint til stefnda og gæti aldrei talist hafa haft nokkurn tilgang þar sem hún barst til vitundar stefnda eftir að uppsagnarfrestur var úrunninn. Nefndin hafi farið langt út fyrir umboð sitt og ekki gætt rétttra aðferða við störf sín. Óforsvaranlegt hafi verið af nefndinni að kalla eftir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar áður en nefndin fór yfir forsendur kjarasamninga. Það sé í raun staðfesting þess að samningsforsendur hafi verið brostnar. Hinn 30. nóvember 1995 hafi gögn, sem nefndinni voru tiltek um forsendur kjarasamninga, staðfest álit stefnda. Þá hafi jafnframt legið fyrir frumvarp til fjárlaga sem fulltrúar ASÍ í launanefnd hafi gagnrýnt harðlega. Launanefndin hafi sjálf hafið kjaraviðræður og farið í efnislegar breytingar á kjarasamningi algerlega án um-



boðs. Viðmiðun launanevndarinnar hefði átt að byggjast á þeim forsendum sem voru til staðar áður en yfirlýsing ríkisstjórnar, dags. 29. nóvember 1995, og tillaga að samkomulagi um desemberuppbót voru undirritaðar. Svo virðist sem meirihluti launanevndar hafi litið svo á að nefndin hefði ekki aðeins rétt til að meta samningsforsendur heldur hefði einnig samningsrétt. Fulltrúi Verkamannasambandsins í launanevnd hafi ekki staðið að niðurstöðu nefndarinnar. Þá bendir stefndi á að sérkunnáttu í hagfræði hafi ekki verið fyrir að fara í launanevnd. Þá hafi niðurstaða nefndarinnar verið svo síðbúin að frestur til uppsagnar hafi verið útrunninn. Stefndi bendir og á að þremur sólarhringum fyrir yfirlýsingu launanevndar hafi forseti ASÍ opinberlega lýst því yfir að flest benti til þess að kjarasamningum yrði sagt upp.

Stefndi telur að Félagsdómur hafi vald til að leggja mat á störf launanevndar og hnekkja niðurstöðum hennar svo og að leysa sjálfstætt úr því ágreiningsefni hvort marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum á því tímamarki þegar samningnum var sagt upp.

Vegna gagnkröfu sinnar um að niðurstaða launanevndar verði dæmd ógild vísar stefndi til þess sem að framan greinir um launanevndina, störf hennar og starfshætti.

Af hálfu stefnda er vísað til grunnreglna vinnuréttarins, til laga nr. 80/1938 sérstaklega 3., 5. og 6. gr. Þá er vísað til kjarasamnings frá 21. febrúar 1995, sérstaklega til 16. og 17. gr. hans. Um heimild til að koma fram með gagnkröfu er vísað til 53. gr. laga nr. 80/1938. Krafa um málskostnað er byggð á 21. kafla laga nr. 91/1991. Krafa um dráttarvexti á dæmdan málskostnað er byggð á 129. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt er reist á lögum nr. 50/1988.

#### *Niðurstaða.*

Samkvæmt 1. gr. kjarasamnings Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins við Verkamannasamband Íslands frá 21. febrúar 1995 voru allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengdir til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum, sem í samningnum fólust og skyldu þá falla úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Um uppsögn kjarasamningsins á samningstímabilinu er fjallað í 17. gr. hans. Samkvæmt þeirri grein skal á samningstímabilinu starfa sérstök launanevnd skipuð þremur fulltrúum frá landsamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Á samningstímanum skal nefndin fylgjast með framvindu efnahags-

atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Um uppsögn segir svo í grein þessari: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995.“

Stefndi telur að uppsögn hans á kjarasamningnum hafi bæði að formi og efni verið lögmæt. Það hafi einungis verið á hans valdi að meta samningsforsendur og segja upp kjarasamningnum. Það hafi ekki verið í verkahring launanevndar auk þess sem vinnubrögðum nefndarinnar hafi verið svo áfátt að ákvarðanir hennar beri að telja ógildar.

Hinn 30. nóvember 1995 komst launanevnd að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.“

Ljóst er að ágreiningur er með málsaðilum um störf launanevndar. Meintir annmarkar á störfum nefndarinnar þykja þó ekki þess eðlis að telja verði niðurstöðu nefndarinnar um samningsforsendur markleysu. Ráða má af gögnum málsins að það hafi verið hlutverk launanevndar að meta forsendur fyrir uppsögn kjarasamningsins, sbr. 16. og 17. gr. hans. Því þykir ekki unnt að fallast á það með stefnda, að hann geti á sitt eindæmi metið, hvort samningsforsendur hafi staðist. Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á að forsendur kjarasamningsins hafi brostið.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Samkvæmt 17. gr. kjarasamnings aðila frá 21. febrúar 1995 er launanevnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Gagnkröfu stefnda er beint að Vinnuveitendasambandi Íslands. Telja verður að sakarefni það, sem gagnkrafan tekur til, falli ekki undir verksvið Félagsdóms sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Þá er gagnkröfunni einungis beint að stefnanda í máli þessu og ber því jafnframt með vísan til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 að vísa gagnkröfunni frá dómi.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000.

## D ó m s o r ð:

Uppsögn Verkamannafélagsins Hlífar á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 er ógild.

Gagnkröfu stefnda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Hlífar, er vísað frá Félagsdómi.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Hlífar, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands, kr. 100.000 í málskostnað.

---